

Ed.

431. L ö g

um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Afgreidd frá Ed. 8. ágúst).

1. gr.

Auk þeirra flutningabrauta, sem taldar eru í 2. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, skal vera flutningabraut frá Reykjavík til Hafnarfjarðar milli lögsagnar-umdæmanna.

2. gr.

Sýslunefndin og hreppsnefndin í Vestmannaeyjasýslu hafa á hendi sameiginlega alla stjórn vegamála innan sýslunnar.

Nefndirnar ráðstafa í sameiningu sýslu- og hreppsvegafjenu, ákveða hvar vegir skuli liggja og hafa umsjón og stjórn með vegagjörðum og viðhaldi vega.